

Fimmtudaginn 6. nóvember 1997.

Nr. 25/1997.

**Kærunefnd jafnréttismála
vegna Sigurlínar Þóru Þorbergsdóttur**

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

gegn

Sjúkrahúsi Akraness

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Jafnrétti. Stöðuveiting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1997. Hún krefst þess, að ráðning Hafsteins Gunnarssonar í starf skrifstofumanns hjá stefnda í júlí 1993 verði dæmd ólögmæt. Jafnframt verði stefndi dæmdur til greiðslu 800.000 króna með 0,8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1993 til 1. september sama ár, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1995 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Aðila greinir á um það, hvort ráðning Hafsteins Gunnarssonar í starf skrifstofumanns við Sjúkrahús Akraness í júlí 1993 hafi falið í sér brot á 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gagnvart Sigurlín Þóru Þorbergsdóttur. Í auglýsingu var starfið meðal annars talið fela í sér merkingar og færslu bókhalds, útskrift reikninga og önnur almenn skrifstofustörf. Æskilegt var talið, að umsækjandi hefði stúdentspróf eða hliðstæða menntun, þekkingu á bókhaldi og reynslu í notkun tölva. Hafsteinn og Sigurlín Þóra voru meðal 25 umsækjenda um starfið, og er í héraðsdómi lýst menntun og starfsreynslu hvors um sig í stórum dráttum. Þá er þar rakið, að kærunefnd jafnréttismála hafði mál

þetta til meðferðar árið 1993 og í álitni hennar 28. janúar 1994 sé komist að þeirri niðurstöðu, að með ráðningunni hafi stjórn stefnda brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Um meðferð mála fyrir kærunefnd jafnréttismála gilda reglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar á meðal rannsóknarregla 10. gr. laganna. Í máli þessu skortir á upplýsingar um starf það, sem hér um ræðir. Verður ekki séð, að kærunefnd hafi gengið eftir því að fá nákvæma og staðfesta lýsingu á starfinu né heldur þeim störfum, sem Hafsteinn og Sigurlín Þóra höfðu áður gegnt. Þá er óupplýst, hvort valið stóð eingöngu milli þeirra tveggja eða hvort aðrir komu þar til greina. Þetta bar þó nefndinni að gera, áður en hún gaf álit sitt. Nægir ekki í þessu sambandi að vísa til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, þar sem á hana reynir fyrst, er rannsóknarreglunnar hefur verið gætt. Hér fyrir dómi skortir enn á þessar upplýsingar.

II.

Fallast má á það með héraðsdómi, að nægar upplýsingar liggi fyrir um, að þau Hafsteinn og Sigurlín Þóra hafi bæði verið hæf til að gegna stöðunni, eins og hún var auglýst. Hér að framan er rakið, að nákvæma starfslýsingu skortir um starf það, sem um var sótt. Fram er komið, að Ásgeir Ásgeirsson, skrifstofustjóri stefnda, veitti upplýsingar um stöðuna, fór yfir umsóknirnar og gerði tillögu um það til stjórnar stefnda, að Hafsteinn yrði ráðinn. Var farið að tillögu hans, en hann þekkti báða þá umsækjendur, sem hér um ræðir. Hann bar fyrir dómi, að hann hefði borið alla umsækjendur saman, og hefði það ráðið niðurstöðu sinni öðru fremur, að Hafsteinn var sérstaklega framsækinn, metnaðarfullur og samviskusamur og að þessu leyti skarað fram úr. Hann lét þess sérstaklega getið, að starfið krefðist mikilla samskipta við samstarfsfólk og ýmsa viðskiptamenn, og hefði hann talið Hafstein henta vel til þess. Ásgeir sagði Hafstein hafa haft næga bókhaldskunnáttu, en samkvæmt auglýsingunni var það talinn æskilegur kostur. Þar sem bókhaldið hafi verið mjög sérhæft, hefði þurft að þjálfra nýráðinn starfsmann sérstaklega.

Fallast má á það með héraðsdómi, að samkvæmt gögnum málsins hafi Sigurlín Þóra haft meiri reynslu af bókhaldi en Hafsteinn. Með

allt framangreint í huga, þar á meðal skort á upplýsingum, svo sem áður segir, verður áfrýjandi þó ekki talinn hafa sýnt fram á það, að reynsla Sigurlínar hefði nýst henni þannig, að hún verði talin hafa verið Hafsteini hæfari til að gegna starfinu. Stefndi hefur mótmælt því, að kynferði hafi ráðið vali í stöðuna, og bent á það, að á þremur skrifstofum sjúkráðsins hafi á þessum tíma starfað fjórtán konur á móti einum karli og á þeirri skrifstofu, sem hér um ræðir, hafi verið fjórar konur á móti einum karli. Með þetta í huga verður áfrýjandi ekki talinn hafa sannað, að við ráðninguna hafi stefndi brotið gegn ákvæðum laga nr. 28/1991. Ber af þessum ástæðum og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdómara að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 5. desember 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af kærufélag jafnréttismála, kt. 660691-2009, Laugavegi 13, Reykjavík, vegna Sigurlínar Þóru Þorbergsdóttur, kt. 130266-4369, Skólabraut 35, Akranesi, með stefnu, þingfestri 3. apríl 1996, á hendur Sjúkrahúsi Akraness, kt. 580269-1929, Merkigerði 9, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að ráðning Hafsteins Gunnarssonar í starf skrifstofumanns hjá stefnda í júlí 1993 hafi verið ólöglegt og að stefndi verði dæmdur til að greiða Sigurlín Þóru Þorbergsdóttur 800.000 kr. með 0,8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1993 til 1. september 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt 10., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu

samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

II.

Málavextir eru þeir, að í júní 1993 var auglýst staða skrifstofumanns við Sjúkrahús Akraness. Í auglýsingunni kom fram, að starfið fælist í merkingu og færslu bókhalds, útskrift reikninga og öðrum almennum skrifstofustörfum. Einnig kom fram í auglýsingunni, að æskilegt væri, að umsækjandi hefði stúdentspróf eða hliðstæða menntun, þekkingu á bókhaldi og reynslu í notkun tölva. Umsækjendur um stöðuna voru 25, þar á meðal Sigurlín Þóra. Í stöðuna var ráðinn Hafsteinn Gunnarsson.

Samkvæmt umsókn Sigurlínar Þóru lauk hún stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Vesturlands árið 1986. Hún stundaði nám í læknisfræði við Háskóla Íslands í eina önn og í meinatækni við Tækniskóla Íslands eitt ár. Árin 1980 til 1985 starfaði Sigurlín Þóra á sumrin við afgreiðslustörf hjá Sigurjóni og Þorbergi hf. á Akranesi. Sumrin 1985 og 1986 starfaði hún sem starfsstúlka á Sjúkrahúsi Akraness. Sigurlín Þóra starfaði á árunum 1987 og 1988 í tæp tvö ár við skrifstofu- og bókhaldsstörf hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, og árið 1988 kenndi hún ensku við Fjölbautaskóla Vesturlands. Árið 1989, frá maímánuði fram til áramóta, starfaði hún sem aðalgjaldkeri hjá bæjarfógetaembættinu á Akranesi. Samkvæmt framburði Sigurlínar Þóru fyrir dómi starfaði hún þar við afgreiðslustörf og að skila uppgjöri til bókara eftir hvern dag. Sumarið 1990 var hún flokksstjóri hjá Vinnuskóla Akraness. Í maímánuði 1991 hóf Sigurlín Þóra störf sem ritari á Heilsugæslustöðinni á Akranesi í hálfu starfi og varð fastráðinn starfsmaður þar í febrúar 1992 og starfaði þar, er hún sótti um fyrrgreint starf. Í umsókn Sigurlínar Þóru kemur einnig fram, að hún hafi sótt tölvunámskeið hjá Stjórnunarfélagi Íslands og Tölvufræðslunni á Akureyri.

Hafsteinn Gunnarsson, sem ráðinn var í starfið, lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Vesturlands vorið 1993. Hann starfaði hjá Knattspyrnufélagi Akraness í þrjú ár með námi. Einnig starfaði hann á sumrin sem flokksstjóri við Vinnuskóla Akraness og við verslunina Skagaver við pöntun á vörum.

Með bréfi, dagsettu 3. ágúst 1993, óskaði Sigurlín Þóra eftir því, að kærunefnd jafnréttismála tæki afstöðu til þess, hvort ráðningin bryti gegn ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með bréfi, dagsettu 16. ágúst 1993, var framkvæmdastjóra stefnda kynnt fram komið erindi og óskað eftir upplýsingum um fjölda umsækjenda og um menntun og starfsreynslu þess, sem ráðinn hafði verið í starfið, og upplýsingum um sérstaka hæfileika hans umfram stefnanda. Með bréfi, dag-

settu 30. ágúst 1993, barst kærufndinni svar frá stefnda. Í bréfinu kemur fram, að Hafsteinn Gunnarsson var ráðinn að ósk framkvæmdastjóra stefnda, Ásgeirs Ásgeirssonar, en starfsmaðurinn ynni sem aðstoðarmaður skrifstofustjórans. Í bréfi Sigurlínar Þóru til kærufndarinnar, dagsettu 7. október 1993, tók Sigurlín Þóra afstöðu til fram kominna skýringa stefnda.

Framkvæmdastjóri stefnda og stjórnarformaður komu á fund nefndarinnar 18. nóvember 1993 og gerðu þar grein fyrir ráðningunni.

Sigurlín Þóra sótti fund nefndarinnar 16. desember 1993 og gerði þar grein fyrir menntun sinni og fyrri störfum.

Á fundi nefndarinnar 28. janúar 1994 var komist að þeirri niðurstöðu, að Sigurlín Þóra hefði verið hæfari til umrædds starfs og að skýringar forsvarsmanna stefnda á ráðningu Hafsteins væru ófullnægjandi og engar upplýsingar hefðu komið fram um þá sérstöku hæfileika hans, sem réttlætt gætu val hans í stöðuna, og hæfari umsækjandi þar með sniðgenginn. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að með ráðningu Hafsteins Gunnarssonar í starf skrifstofumanns hjá stefnda hefði stjórn stefnda brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, sbr. 2. mgr. 6. gr. sömu laga. Beindi nefndin því til stjórnar stefnda, að Sigurlín Þóru yrðu greiddar bætur eða fundin önnur viðunandi lausn.

Með bréfum, dagsettum 13. janúar 1995 og 31. mars 1995, var bótakröfu beint að stefnda, sem hann hafnaði með bréfi, dagsettu 7. apríl 1996.

Sigurlín Þóra hóf störf sem yfirþjálfari hjá Sundfélagi Akraness um miðjan september 1993 og starfar þar enn.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að með ráðningu Hafsteins Gunnarssonar hafi stefndi brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sigurlín Þóra hafi verið margfalt hæfari til að gegna umræddu starfi en Hafsteinn Gunnarsson. Í auglýsingu um starfið hafi verið gerðar kröfur til umsækjenda um þekkingu á bókhaldi og reynslu í notkun tölva. Sigurlín Þóra hafi haft tæplega fimm ára reynslu af skrifstofustörfum eftir stúdentspróf og lengst af á þeim tíma unnið við bókhald. Hafsteinn Gunnarsson hafi á hinn bóginn enga reynslu haft af bókhaldsstörfum. Hann hafi verið nýútskrifaður úr Fjölbautaskóla Vesturlands og starfað á sumrin við vinnuskóla og verslun. Með náminu hafi hann starfað fyrir Knattspyrnufélag Akraness, aðallega við undirbúning móta, þar sem gjaldkeri félagsins hafi séð um bókhald og uppgjör þess.

Stefndi hafi og með ráðningu í umrætt starf brotið gróflega gegn grundvallarreglum þeim, sem eðlilegar og sjálfsagðar verði að teljast við ráðningu í starf. Eiginleg úrvinnsla umsókna með tilliti til hæfileika hvers umsækj-

anda hafi ekki farið fram. Hæfustu umsækjendurnir hafi ekki verið kallaðir í viðtal og stefndi ekki mótað með sér hugmyndir um, hvaða eiginleika sá hefði umfram aðra umsækjendur, sem ráðinn hafi verið í starfið.

Stefndi hafi með broti sínu gert Sigurlín Þóru þá hneisu að ganga fram hjá henni við ráðningu í starfið. Sigurlín Þóra hafi einungis verið í hálfu starfi á heilsugæslustöðinni, er hún hafi sótt um títtnefnt starf, sem hafi verið fullt starf. Það, að gengið hafi verið fram hjá Sigurlín Þóru við ráðninguna, hafi jafnframt haft í för með sér óþægindi fyrir hana. Sigurlín Þóra hafi unnið svo að segja á sama vinnustað, og því hafi fylgt ýmis óþægindi. Henni hafi því í raun verið nauðugur einn kostur að leita sér að öðru starfi.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 28/1991 eigi Sigurlín Þóra rétt á því, að stefndi greiði henni miskabætur. Ekki er gerð krafa um bætur fyrir fjártjón.

Kröfu um vexti byggir stefnandi á 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og kröfu um dráttarvexti á 10. gr., sbr. 12. og 15. gr. laga nr. 25/1987.

Kröfu um málkostnað styður stefnandi við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um málshöfðunarheimild vísar stefnandi til 21. gr. laga nr. 28/1991.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að við ráðningu starfsfólks sé farið eftir óskum þess yfirmanns, sem muni hafa mesta samvinnu við viðkomandi starfsmann. Verði það að teljast eðlilegt með hliðsjón af því, að sá yfirmaður hafi mesta þekkingu á starfs sviðinu og sé því hæfastur til þess að meta, hvaða eiginleikum starfsmaður þurfi að vera búinn til þess að geta sinnt starfinu með sóma. Það hafi verið mat skrifstofustjóra, Ásgeirs Ásgeirssonar, að Hafsteinn Gunnarsson hafi verið hæfastur til þess að gegna umræddu starfi, og þess vegna hafi hann mælt með því við stjórn stefnda, að Hafsteinn yrði ráðinn. Skrifstofustjórinn hafi við mat sitt stuðst við umsóknir umsækjenda. Námsferill þeirra Sigurlínar Þóru og Hafsteins hafi verið samþætilegur, þar sem bæði hafi lokið stúdentsprófi. Sigurlín Þóra hafi haft lengri starfsreynslu, en sú starfsreynsla hafi að litlu leyti komið að notum í því starfi, sem ráða hafi átt í. Vegna starfa sinna fyrir knattspyrnudeild Íþróttabandalags Akraness hafi skrifstofustjóranum verið kunnugt um það, að Hafsteinn hefði unnið við tölvur í mörg ár. Sigurlín Þóra hafi hins vegar sótt tvö grunnnámskeið í tölvuvinnu, sem lokið hafi án formlegs prófs. Tölvukunnátta Hafsteins hafi því verið engu minni en Sigurlínar Þóru. Þá hafi Hafsteinn öðlast umtalsverða bókhaldsreynslu vegna starfa sinna hjá knattspyrnudeildinni, en hann hafi séð um allt skrifstofuhald félagsins um þriggja ára skeið, þar með ýmsa þætti bókhalds þess. Sigurlín Þóra hafi hins vegar unnið hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli rúmlega eitt og hálft ár, en ekki hafi komið fram, hversu mikill þáttur starfsins hafi verið eiginleg

bókhaldsvinna. Stefndi kveður það hafa verið mat skrifstofustjóra, að starfsreynsla Hafsteins myndi nýtast betur til starfans en starfsreynsla Sigurlínar Þóru. Þá hafi skrifstofustjórinn við ákvörðun sína stuðst við mat á persónulegum eiginleikum umsækjenda, en hann hafi þekkt bæði Sigurlín Þóru og Hafstein mjög vel. Það hafi verið mat skrifstofustjórans, að Hafsteinn væri sérstaklega eftirsóknarverður starfsmaður, þar sem hann hefði stundað störf sín samviskusamlega, sýnt lipurð í starfi og átt gott með að umgangast fólk. Vegna alls þessa hafi skrifstofustjórinn mælt með því, að Hafsteinn yrði ráðinn í starfið.

Við mat sitt á hæfni umsækjenda hafi skrifstofustjóri stefnda einungis beitt lögmætum sjónarmiðum, þ. e. a. s. metið menntun, starfsreynslu og mannkosti umsækjenda. Að öllu þessu virtu hafi það verið mat hans, að Hafsteinn Gunnarsson væri hæfastur umsækjenda, og sé því fráleitt, að Sigurlín Þóru hafi verið mismunað vegna kynferðis.

Stefndi mótmælir því, að Sigurlín Þóra eigi rétt á bótum, fallist dómurinn á það, að stefndi hafi brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 með ráðningu Hafsteins Gunnarssonar. Stefnandi hafi ekki sannað, að hún hafi orðið fyrir miska, og eigi því ekki rétt á bótum, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1991. Stefndi mótmælir og miskabótakröfunni sem of hárrí, ef fallist verði á það með stefnanda, að hún eigi rétt á miskabótum.

Kröfu um málskostnað styður stefndi við 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Valdi stefnda til þess að ráða í stöðu skrifstofumanns eru sett mörk með lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og almennum grundvallarreglum stjórnsýsluréttar um undirbúning stöðuveitinga og mat á hæfni umsækjenda.

Eins og að framan hefur verið lýst, var í auglýsingu um stöðu skrifstofumanns hjá stefnda talið æskilegt, að umsækjendur hefðu stúdentspróf eða hliðstæða menntun og þekkingu á bókhaldi og reynslu í notkun tölva. Samkvæmt framburði formanns stjórnar stefnda og skrifstofustjóra stefnda voru tuttugu og fimm umsækjendur um stöðuna, og var skrifstofustjóra stefnda falið að meta hæfni umsækjenda. Að tillögu skrifstofustjórans var Hafsteinn Gunnarsson ráðinn í stöðuna. Fram kom við yfirheyrslu fyrir dómi, að skrifstofustjóri stefnda var jafnframt skrifstofustjóri heilsugæslustöðvarinnar, þar sem Sigurlín Þóra var ritari, en yfirstjórn þeirra stofnana er hin sama. Jafnframt kom fram, að skrifstofustjóra stefnda var sem stjórnarmanni knattsþyrnudeildar Íþróttabandalags Akraness kunnugt um fyrri störf Hafsteins Gunnarssonar hjá félaginu.

Pau Sigurlín Þóra og Hafsteinn hafa bæði lokið stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi og fullnægðu þannig bæði þeim menntunarkröfum, sem gerðar voru til umsækjenda. Sigurlín Þóra hafði u. þ. b. fimm ára starfsreynslu að loknu stúdentsprófi, þar af um tveggja ára reynslu af bókhaldsvinnu. Hafsteinn Gunnarsson var nýútskrifaður stúdent, er hann fékk umrædda stöðu, en hafði jafnframt námi og í a. m. k. tvö sumur unnið á skrifstofu knattspyrnudeildar Íþróttabandalags Akraness. Hafði hann þar haft umsjón með getraunum og mótum yngri flokka á vegum knattspyrnudeildarinnar og séð um uppgjör vegna þeirra til gjaldkera félagsins. Samkvæmt þessu telst því nægjanlega fram komið, að Sigurlín Þóra og Hafsteinn voru bæði hæf. Óvægjanlegt er hins vegar, að Sigurlín Þóra hafði lengri starfsreynslu en Hafsteinn og m. a. meiri reynslu af bókhaldstörfum. Skrifstofustjóri stefnda bar, að hann hefði talið báða þessa umsækjendur hæfa til starfans, en mælt með Hafsteini í starfið vegna fyrri kynna sinna af störfum hans, sem hann taldi Hafstein hafa leyst mjög vel af hendi.

Tilgangur laga nr. 28/1991 er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í 2. gr. laganna segir, að konum og körlum skuli með stjórnvaldaaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu, launa og menntunar. Þá segir í 5. gr. meðal annars: „Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því, að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.“

Fram hefur komið, að á skrifstofu stefnda störfuðu einungis konur fyrir utan skrifstofustjórann, fjórtán konur á móti einum karlmanni. Umrætt starf var almennt skrifstofustarf. Með hliðsjón af því og að framangreindu virtu telst ekki sannað, að kynferði hafi ráðið ráðningu í starfið og stefndi þar með brotið gegn lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir þó, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjúkrahús Akraness, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, kærunefndar jafnréttismála, vegna Sigurlínar Þóru Þorbergsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.